

## Aðgerðaáætlun Hafnarfjarðar gegn umhverfishávaða - athugasemdir vegna Laufvangs 2-10

**Til** : Helga Stefánsdóttir  
**Frá** : gaeskur@hotmail.com  
**CC** : binnabj@gmail.com;halldor.j.gardarsson@nyherji.is;linajo@simnet.is;ingogrimsson@gmail.com  
**Heiti** : Aðgerðaáætlun Hafnarfjarðar gegn umhverfishávaða - athugasemdir vegna Laufvangs 2-10  
**Málsnúmer** : 1001145  
**Málsaðili** : Umhverfisstofnun  
**Skráð dags** : 04.07.2013 12:57:56  
**Höfundur** : gaeskur@hotmail.com

ágæta Helga,

eftir að hafa kynnt mér aðgerðaáætlun Hafnarfjarðarbæjar varðandi umhverfishávaða vil ég koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Þrátt fyrir að hávaðamælingar sýni að fremsti hluti Hjallabrautar sé ein af hávaðasömustu götunum eru engar aðgerðir fyrirhugaðar.

Bærinn tvöfaldaði akreinar inn fyrir lóðarmörk á sínum tíma, þótt að nú sé önnur akreinin í vestur aðeins frárein inn á Laufvang, þá er hún iðulega notuð til framúraksturs áður en komið er að þrengingu og þar af leiðandi er meiri hávaði af henni en gert var ráð fyrir við breytingar á brautinni á sínum tíma.

Lóð Laufvangs 2-10 er tæpum meter lægri en Hjallabrautin og er augljóst að lítilsháttar umferðarslys við fyrrnefndan framúraksturs yrði stórhættulegt ef bifreið myndi kastast til hægri og enda í garðinum.

Það er ósk stjórnar Húsfélagsins að Laufvangi 2-10 að aðgerðaáætlun Hafnarfjarðar verði endurskoðuð með fyrrgreind atriði í huga og sett verði upp girðing eins og hefur verið gert bæði við Reykjanesbraut og Reykjavíkurveg.

Virðingarfyllst,

Guðmundur Ingvar Sveinsson  
Íbúi við Laufvang 4